

Sameiginlegur stjórnarfundur SK og SN í K-húsinu, 12.maí 2008 kl.20.00

Mættir:

SK:Guðmundur, Guðrún, Sigríður, Sigurbjörg, Falur, Júlli og Lilja.

SN:

Auk þess voru boðuð og mættu: Klemes, Niels, Anna María, Anna Lilja, Katrín og Drífa.

1.málSparisjóðsmótið

Hver hópstjóri fór yfir stöðuna í sínum málaflokki og erum við í góðum málum hvað alla þætti varðar. Væri samt ekki verra ef fleira fólk bættist við eldhúsið.

Ákveðið að hafa 3 fararstjóra fyrir okkar börn á mótinu. Þeirra hlutverk verður að sjá til þess að sundmenn skili sér í sín sund á réttum tíma, halda utan um hópinn og vera með mat á bakka.

Góð aðsókn er á mótið og hafa nú þega 600 börn verið skráð, og er það fjölgun frá því í fyrra. Skiptast þau þannig: 259 12 ára og yngri, 260 13 ára og eldri og 81 8 ára og yngri. 166 börn gista á föstudagskvöldið og 189 laugardagskvöldið.

Boðið verður upp á bíósýningu, farið í Bingó á laugardagskvöldið (fyrir þá sem gista) og yngstu börnin fara í sjóræningja leik eftir keppni á föstudag.

Ákveðið var að hittast í Vatnaveröld fimmtudagskvöld kl.19.30 og undirbúa mótið eins og hægt er, þ.e.a.s. koma fyrir borðum og stólum og þess háttar og funda með starfsfólki t.d. varðandi notkun á búningsklefum.

Fundi slitið 21.30

Fleira ekki rætt.

Næsti fundur verður 20.maí kl.19.00

Ritari:Guðbjörg Lilja Jónsdóttir